096080359

Bialetti Súkkulaði Kaffi 250g malað

Verð: 1.450 kr.

Tilboðsverð: 1.131 kr.



Kaffið frá Bialetti er einstakt. Bialetti vil meina að ristun sé eins konar list sem fangar ilm upprunans. Bialetti leggur því sérstaka áherslu á ristunarferlið og að það sé byggt á hægri og nákvæmri ristun. Karakter baunanna er þannig fangaður og lyktin tengir mann við uppruna þeirra. Kaffið frá Bialetti er búið til með mokkakönnuna í huga á þann hátt að það er malað í kornastærð sem hentar mokka og eða pressukönnum einstaklega vel. Bialetti kaffinu er svo pakkað í sérstakar pakkningar sem viðhalda bragði og ferskleika sem best.

Delicato er 100% Arabica kaffi sem er akkúrat það sem Ítalinn myndi mæla með. Það hefur ákafa tóna af Brasile Naturale uppruna sem gefur kaffinu rétta jafnvægið. Fullkomið jafnvægi milli sætu og þéttleika.

Koffínlausa kaffið hefur einnig slegið í gegn. Það heitir **Deka** og er í græna pakkanum. **Deka** er miðlungsristað með arómatískum tónum af korni og ristuðu brauði. Það er gaman að geta fengið sér gott kaffi að kvöldi til án þess að það innihaldi koffín og hafi þannig áhrif á svefninn.

Intenso kaffið er síðan dökkristað og sérstaklega þróað til að ýta undir ilminn af ristuðu brauði og kakói. Intenso er það sem inniheldur mesta koffínið af Bialetti kaffitegundunum og er í dökkbláa pakkanum.

Classico kaffið er síðan alltaf sígilt og hentar flestum vel. **Classico** kemur í rauða pakkanum og er meðalristað með sætum ilm af blómum og hnetum.

Einnig er hægt að fá **súkkulaðikaffi**, **hnetukaffi** og **vanillukaffi** fyrir þá sem vilja smá tilbreytingu.

Rafha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími: 588-0500
rafha@rafha.is
www.rafha.is